

Nd.

381. Nefndarálit

[23. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur haft þetta frumvarp til athugunar í alllangan tíma, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt, en á það hefur meiri hluti nefndarinnar ekki viljað fallast.

Fyrri kafli frv. er um tilgang laganna og störf jafnvægisnefndar. Þar segir, að stuðlað skuli að jafnvægi í byggð landsins með rannsóknarstörfum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í þeim landshlutum, þar sem bein eða hlutfallsleg fólksfækkun hefur orðið undanfarið eða er talin yfirvofandi. Samkvæmt frumvarpinu á Alþingi að kjósa, að loknum alþingiskosningum hverju sinni, fimm aðalmenn og fimm varamenn í jafnvægisnefnd. Nefndin á að hafa með höndum framkvæmdir samkv. lögnum og ráðstöfun þess fjár, sem til þeirra er veitt.

Síðari kafli frumvarpsins er um jafnvægissjóð. Til hans sé árlega greitt 1½% af tekjum ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi. Hlutverk sjóðsins á að vera að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í samræmi við tilgang laganna. Gert er ráð fyrir að veita lán úr sjóðnum til hvers konar framkvæmda, sem að dómi jafnvægisnefndar stuðla að jafnvægi í byggð landsins, en heimilt skal einnig að veita beina styrki úr sjóðnum í þessu skyni, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þá sé jafnvægisnefnd heimilt, ef sérstaklega stendur á, að gerast fyrir hönd jafnvægissjóðs meðeigandi í atvinnufyrirtæki, sem hún telur nauðsynlegt að koma á fót í samræmi við tilgang laganna, enda sé ekki mögulegt að stofna fyrirtækið með öðrum hætti. Til þess er ætlað, að Framkvæmdabanki Íslands annist afgreiðslustörf og reikningshald sjóðsins fyrir hönd jafnvægisnefndar.

Í greinargerð með frumvarpinu er skýrsla um mannfjölda í einstökum lands-

hlutum árin 1940 og 1962. Kemur þar fram, að á árunum þar á milli hefur orðið bein fólksfækkun í einum landshluta og hlutfallsleg fækkun fólks á öllum landsvæðum öðrum en Reykjavík og næsta nágrenni hennar.

Sú þróun, að byggðirnar eyðist af fólki, er mjög óheillavænleg, og þarf án tafar að gera ráðstafanir til að stöðva áframhald hennar. Það er sameiginlegt hagsmunamál allra landsmanna. En til þess þarf fyrst og fremst að útvega fjármagn til að efla atvinnulíf í þeim landshlutum, þar sem góð afkomuskilyrði eru fyrir hendi, en hætta er á fólksfækkun. Að því er stefnt með flutningi frumvarpsins, sem hér liggur fyrir. — Hitt er einnig jafnljóst, að fleira þarf að gera af opinberri hálfu til að bæta lífsskilyrðin og lífskjörin á hinum ýmsu landssvæðum, til þess að fólk geti unað þar áfram. Má í því sambandi t. d. benda á, að brýn þörf er að ljúka rafvæðingu landsins á sem skemmstum tíma, vinna ötullega að umbótum í samgöngumálum, sjá fyrir góðri heilbrigðisþjónustu og gera möguleika unga fólksins til menntunar sem bezta og jafnasta um land allt.

Síðan 1955 hefur verið veitt nokkurt fé á fjárlögum til atvinnuaukningar. Hæst var sú fjárveiting, 15 millj. kr., árið 1957. Síðustu árin hafa verið veittar 10 millj. kr. árlega í þessu skyni, og gengur fjárveitingin nú til atvinnubótasjóðs, sem stofnaður var með lögum nr. 40 21. apríl 1962. Í lögnum um atvinnubótasjóð eru fyrirmæli um, að lán og styrkir úr sjóðnum skuli fyrst og fremst ganga til atvinnuaukningar á þeim stöðum, þar sem atvinnuleysi er. Það er gagnleg ráðstöfun, en vegna þess hvað árlegar tekjur sjóðsins eru litlar, miðað við núverandi verðlag, verða áhrifin af starfsemi hans til atvinnuuppbyggingar allt of takmörkuð. Árið 1963 mun sjóðsstjórnin hafa ráðstafað fyrir fram um það bil helmingi af væntanlegri fjárveitingu til sjóðsins árið 1964, og er því lítið fé þar til notkunar á því ári, sem nú er að líða.

Þó að sú starfsemi, sem byggð er á lögnum um atvinnubótasjóð, sé á engan hátt vanmetin, enda ekki við henni hróflað með ákvæðum þessa frumvarps, má öllum vera ljóst, að á þeim grundvelli og með því mjög takmarkaða fjármagni, sem sá sjóður hefur, verður ekki unnið á viðunandi hátt að þeim stóru og þýðingarmiklu verkefnum, er um getur í þessu frumvarpi. Til þess að árangurs megi vænta í þeim efnum, þarf meira fjármagn og sérstaka stofnun til að vinna að þeim málum. Hún þarf að fylgjast sem best með atvinnulífinu um land allt, gera áætlanir um framkvæmdir, sem óhjákvæmilegt er að styðja, til þess að byggð haldist í héruðunum, og stjórna fjárhagsaðstoðinni til þeirra.

Sá er ekki tilgangur þeirra manna, er beita sér fyrir ráðstöfunum til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, að búseta skuli haldast á hverju einstöku býli, sem byggt hefur verið að undanfögnu. Hitt er aðalmarkmiðið, að koma í veg fyrir, að góðar sveitir og sjávarþorp, þar sem álitleg framleiðsluskilyrði eru, leggist í auðn. Sú stefna er mörkuð í þessu frumvarpi, að gæði landsins og fiskimiðin umhverfis landið verði nýtt, hvar sem þau eru, að svo miklu leyti sem mögulegt er, og að öll byggileg landssvæði skuli setin. Þetta verður gert með því að auka ræktun landsins og einnig með því að efla atvinnulíf í sjávarþorpum og kaптúnunum, sem fyrir eru, og koma upp nýjum þéttbýlisstöðvum í ýmsum héruðum, sem gætu orðið miðstöðvar viðskipta og iðnaðar fyrir nálægar byggðir. Það fé, sem veitt verður til slíkrar uppbyggingar, mun skila sér aftur með vöxtum og vaxtavöxtum í vaxandi framleiðslu og þjóðartekjum til hagsbóta fyrir alla íbúa landsins.

Minni hl. lítur svo á, að til þess að styrkja fjárhag, sjálfstæði og menningu þjóðarinnar þurfi nú þegar að hefjast handa um þær framkvæmdir, sem frv. þetta fjallar um. Eins og áður segir, er það því tillaga minni hlutans, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 16. marz 1964.

Skúli Guðmundsson, Einar Ágústsson.
frsm.